

## Afkvæmarannsóknir á nautum Nautastöðvar BÍ, sem fædd voru árið 2012

### Guðmundur Jóhannesson

Nú er lokið afkvæmaprófun nauta Nautastöðvar BÍ, sem fædd voru árið 2012. Hér verður gefið yfirlit um nokkrar niðurstöður varðandi dætur þessara nauta og gerð grein fyrir öðrum niðurstöðum sem þegar liggja fyrir. Alls voru afkvæmarannsókuð 26 naut í árgangi 2012. Tólf naut áttu syni í þessum árgangi. Ófeigur 02016, Stássi 04024, Stíll 04041, Birtingur 05043 og Koli 06003 áttu þrjá syni hver, Gyllir 03007, Máni 03025, Tópas 03027 og Ári 04043 áttu tvo syni hver og Aðall 02039, Ás 02048, Hegri 03014 áttu hver sinn soninn. Einkenni þessa nautaárgangs er breytileik í flestum eiginleikum en þó verða mjólkurlagni og mjaltir að teljast koma vel út í heildina en efnahlutföll síður. Frá þessu eru þó nokkur frávik eins og oft vill vera.

Hér fylgja umsagnir um helstu einkenni dætrahópa nautanna:

#### Bakkus 12001 frá Auðsholti 1 í Hrunamannahreppi.

F: Ófeigur 02016, m: Mæja 727, mf: Frami 05034

Dætur Bakkusar eru stórar og mjólkurlagnar kýr. Fituhlutfall í mjólk er um meðallag en próteinhlutfall fremur hátt. Þetta eru nokkuð háfættar, boldjúpar og útlögumiklar kýr með eilítið veika yfirlínu. Malirnar eru mjög breiðar og vel gerðar. Fótstaða er góð, bein, sterkleg og gleið. Júgurgerðin er meðalgóð, festa í meðallagi, júgurband í góðu meðallagi og júgrin meðalvel borin. Spenar eru vel gerðir, grannir og heldur gleitt settir. Mjaltir eru mjög góðar og lítið er um galla í mjöltum. Skap þessara kúa er úrvalsgott. Um tveir þriðju hlutar afkvæma Bakkusar eru tvílitir og ber mest á rauðum og kolóttum grunnlitum þó allir grunnlitir nema gráir komi fyrir. Af tvílitum er huppóttur algengastur. Undan Bakkusi geta komið hyrndir gripir.

Bakkus verður tekinn til framhaldsnotkunar sem nautsfaðir

#### Tárus 12004 frá Kálfagerði í Eyjafirði.

F: Tópas 03027, m: Huppa 352, mf: Stígur 97010

Dætur Tárusar eru mjólkurlagnar með fituhlutfall í mjólk nærri meðallagi en próteinhlutfall nokkuð undir. Þetta eru nokkuð stórar og háfættar kýr, ágætlega boldjúpar, ekki útlögumiklar en með sterka yfirlínu. Malir eru meðalbreiðar, hallandi og þaklaga. Fótstaða sterkleg og rétt. Júgurgerð þessara kúa er ágæt, júgurfesta yfir meðallagi, júgurband nokkuð greinilegt og júgrin allvel borin. Spenar eru eilítið langir, meðalþykkir og vel settir. Dætur Tárusar er ekki nógu góðar í mjöltum og ber heldur mikið á seinum mjöltum. Skapið er nokkuð ríkt og gæðaröðun þessara kúa er undir meðallagi. Nálægt þremur fjóðru hlutum afkvæma Tárusar eru tvílit þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru bröndóttir litir algengastir en allir nema gráir koma fyrir. Undan Tárusi geta komið hyrndir gripir.

Tárus verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

#### Tari 12006 frá Svetingsstöðum 2 í Eyjafirði.

F: Ófeigur 02016, m: Framsókn 526, mf: Dynjandi 06024

Dætur Tara eru mjög mjólkurlagnar kýr með fituhlutfall í mjólk nærri meðallagi en próteinhlutfall lágt. Þetta eru meðalstórar kýr en frekar bolgrunnar og útlögulitlar með beina yfirlínu. Þær eru nokkuð háfættar. Malirnar eru grannar, nokkuð beinar og þaklaga. Fótstaða er nán. Júgurgerðin er slök,

vantar á júgurfestu, júgurband þokkalegt og júgurdýpt of mikil. Spenar eru nokkuð langir, grannir og of gleitt settir. Mjaltir eru prýðilegar og lítið um galla í mjöltum. Skapið er nokkuð mikið. Ríflega helmingur afkvæma Tara eru tvílit og er huppóttur algengastur tvíta. Af grunnlitum eru rauðir og kolóttir litir algengastir en allir litir koma fyrir. Undan Tara geta komið hyrndir gripir.

Tari verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Pipar 12007 frá Espihóli í Eyjafirði.

F: Gyllir 03007, m: 759, mf: Flói 02029

Dætur Pipars eru í meðallagi mjólkurlagnar kýr en efnahlutföll í mjólk eru mjög há. Þetta eru stórar og nokkuð háfættar kýr, boldjúpar með miklar útlögur og sterka yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og þaklaga. Fótstaða er góð, bein, sterkleg og gleið. Júgurgerðin er úrvalsgóð, mikil festa, sterkt júgurband og þau vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilegir að lengd og þykkt og sérlega vel settir. Mjaltir eru góðar og lítið er um galla í mjöltum. Skapið er í meðallagi hjá þessum kúm. Rúmlega helmingur afkvæma Pipars er einlitur og af grunnlitum ber mest á rauðum og bröndóttum litum þó allir grunnlitir nema gráir komi fyrir. Huppóttur er algengastur tvílit. Undan Pipar geta komið hyrndir gripir.

Pipar verður tekinn til framhaldsnotkunar.

### Peli 12008 frá Hólshúsum í Flóa.

F: Stássi 04024, m: Gríma 468, mf: Laski 00010

Dætur Pela eru mjólkurlagnar og efnahlutföll í mjólk eru há og þá sérstaklega próteinhlutfall. Þetta eru fremur stórar kýr og ágætlega háfættar en bolgrunnar með nokkuð litlar útlögur. Yfirlína er aðeins veik. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og flatar. Fótstaðan er góð, bein og sterkleg. Júgurgerð er góð, festa mikil og júgrin vel borin en júgurband ógreinilegt. Spenar eru fremur stuttir, hæfilega þykkir og vel settir. Mjaltir eru undir meðallagi og aðeins örlar á seinum mjöltum. Skapið er slæmt, skapgallaðir gripir koma fyrir og þessar kýr koma ekki vel út í gæðaröðun. Um tveir þriðju hlutar afkvæmanna eru tvílit þar sem huppóttur og skjöldóttur koma oftast fyrir en af grunnlitum eru rauðir og kolóttir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Undan Pela geta komið hyrndir gripir.

Peli verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Rafnar 12014 frá Hrafnagili í Eyjafirði.

F: Gyllir 03007, m: Glufa 1354, mf: Þollur 99008

Dætur Rafnars eru tæplega meðalkýr hvað mjólkurmagn snertir en efnahlutföll í mjólk eru há. Þetta eru ríflega meðalkýr að stærð, í meðallagi háfættar, boldjúpar með tæplega meðalútlögur og aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru grannar, aðeins hallandi og þaklaga. Fótstaða er heldur hokin og þröng. Júgurgerð er afleit þar sem mikið skortir á festu, júgurband er mjög ógreinilegt og júgurdýpt mjög mikil. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir en mjög gleitt settir. Mjaltir eru afbragðsgóðar og kýrnar kannski fulllausar þar sem aðeins ber á lekum kúm. Skap þessara kúa er í tæpu meðallagi og þær koma meðalvel út úr gæðaröðun. Meirihluti afkvæma Rafnars er einlitur þar sem mest ber á rauðum og bröndóttum litum þó allir litir komi fyrir. Af tvílitum ber mest á huppóttum. Ekki er þekkt að Rafnar gefi hyrnd afkvæmi.

Rafnar verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Ráði 12017 frá Brekkum 3 í Mýrdal.

F: Stíll 04041, m: Drottning 153, mf: Villingur 01036

Dætur Ráða eru í meðallagi mjólkurlagnar og efnahlutföll í mjólk eru heldur yfir meðallagi. Þetta eru fremur stórar og háfættar kýr með boldýpt og útlögur í meðallagi og beina yfirlínu. Malirnar eru grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaðan er bein og gleið. Júgurgerð er slök, júgurfasta lítil, júgurband ógreinilegt og júgurdýpt mikil. Spenagerðin er aftur á móti góð, þeir hæfilega stuttir, aðeins þykkir en of gleitt settir. Mjaltir eru slakar og nokkuð ber á sein- og mismjöltum. Skap þessara kúa er slæmt, nokkuð um skapgalla en þær koma þokkalega út í gæðaröðun. Um tveir þriðju afkvæma Ráða eru tvílitir þar sem huppóttum og skjöldóttum litum bregður oftast fyrir en af grunnlitum eru rauðir og kolóttir litir mest áberandi þó allir litir komi fyrir. Undan Ráða geta komið hyrndir gripir.

Ráði verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Eyr 12018 frá Stakkhamri á Snæfellsnesi.

F: Ás 02048, m: Eyja 207, mf: Rosi 97037

Afurðageta dætra Eys er ákaflega lítil, fituhlutfall í mjólk er lágt en próteinhlutfall hins vegar vel yfir meðallagi. Þetta eru meðalstórar og háfættar kýr með boldýpt og útlögur í meðallagi og nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, hallandi og þaklaga. Fótstaðan er fremur þröng. Júgurgerð er slök, festu ábótavant, júgurband allgreinilegt og júgurdýpt fullmikil. Spenarnir eru vel gerðir, hæfilega stuttir og þykkir og vel settir. Mjaltir eru slæmar og og aðeins ber á seinum mjöltum. Skapið er afleitt og þó nokkuð um skapgallaða gripi enda skorar Eyr með eindæmum lágt í gæðaröðun. Mikill meirihluti afkvæma Eys er einlitur þar sem rauðir litir eru mest áberandi þó allir litir komi fyrir. Af tvílitum ber mest á huppóttum þó erfit sé að alhæfa þar um vegna fæðar tvílitra gripa undan Eyr. Ekki er þekkt að Eyr gefi hyrnd afkvæmi.

Eyr verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Penni 12021 frá Hjarðarbóli í Aðaldal.

F: Stíll 04041, m: Vængja 379, mf: Vængur 03021

Dætur Penna eru meðalkýr hvað mjólkurafköst snertir, fituhlutfall í mjólk er hátt en próteinhlutfall í góðu meðallagi. Þetta eru fremur smáar kýr, meðalháfættar, bolgrunnar og útlögulitlar með beina yfirlínu. Malir eru grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaðan er hokin og þröng. Júgurgerð er góð, allgóð júgurfasta, júgurband er lítt áberandi en júgrin ágætlega borin. Spenagerð er góð, þeir hæfilegir að lengd og þykkt auk þess að vera vel settir. Mjaltir eru nærri meðallagi og lítið ber á mjaltagöllum. Skapið er nokkuð mikið og aðeins um skapgallaða gripi. Í gæðaröðun liggja dætur Penna undir meðallagi. Nærri lætur að tveir þriðju hlutar afkvæmanna séu tvílitir og algengast er að sjá krossóttan. Af grunnlitum eru rauðir litir mest áberandi þó allir komi fyrir. Undan Penna geta komið hyrndir gripir.

Penni verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Eitill 12022 frá Gerðum í Flóa.

F: Hegri 03014, m: Etna 503, mf: Flói 02029

Dætur Eitils eru gríðarmiklar mjólkurkúr og á það bæði við um magn og hlutföll verðefna í mjólk. Þetta eru frekar smáar, meðalháfættar, bolgrunnar og útlögulitlar kúr með aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru grannar, nokkuð beinar en þaklaga. Fótstaðan er bein en nokkuð þröng. Júgurgerðin er ákaflega slök og vantar mikið á festu og júgurband enda júgurdýpt mikil. Spenar eru vel gerðir og hæfilegir að lengd, aðeins þykkir en alltof utarlega settir. Mjaltir eru góðar en aðeins ber á mismjöltum. Skapið er undir meðallagi en þessar kúr koma meðalvel út í gæðaröðun. Um helmingur afkvæma Eitils er tvílitur þar sem huppóttur og skjöldóttur koma oftast fyrir. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir en allir litir koma fyrir. Undan Eitli geta komið hyrndir gripir.

Eitill verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Skrámur 12023 frá Tannstaðabakka í Hrótafirði.

F: Stíll 04041, m: Skráma 415, mf: Skurður 02012

Dætur Skráms eru tæplega meðalkúr hvað mjólkurmagn varðar, fituhlutfall í mjólk er í góðu meðallagi en próteinhlutfall neðam meðallags. Þetta eru meðalstórar og meðalháfættar kúr, boldjúpar og útlögumiklar með eilítið veika yfirlínu. Malirnar eru breiðar og nokkuð hallandi. Fótstaða er bein, sterkleg og gleið. Júgurgerðin er mjög góð, júgurfasta mikil og júgrin vel borin en júgurband í meðallagi sterkt. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir, fremur stuttir og prýðilega settir. Mjaltir eru í góðu meðallagi og aðeins örlar á seinum mjöltum. Skapið er í tæpu meðallagi og þessar kúr koma frekar ill út í gæðaröð. Tæpur helmingur afkvæma Skráms er einlitur þar sem bröndóttir og kolóttir litir eru algengastir en allir grunnlitir nema gráir koma fyrir. Af tvílitum er huppóttur algengastur. Undan Skrámi geta komið hyrndir gripir.

Skalli verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Kraftur 12024 frá Ingjaldsstöðum í Þingeyjarsveit.

F: Ári 04043, m: Rauðka 222, mf: Kambur 06022

Dætur Krafts eru í góðu meðallagi mjólkurlagnar kúr og efnahlutföll eru yfir meðallagi. Þetta eru stórar og háfættar kúr, boldjúpar með góðar útlögur og sterka yfirlínu. Malirnar eru mjög breiðar, beinar og flatar. Fótstaða er góð, bein, sterkleg og gleið. Júgurgerðin er mjög góð, mikil festa, gott júgurband og júgrin eru sérstaklega vel borin. Spenar eru vel gerðir, eilítið langir en hæfilega þykkir og vel settir. Mjaltir eru í meðallagi og aðeins um seinmjólka kúr í hópnum. Skap þessara kúa er gott. Um þrjú fjórðu hlutar afkvæma Krafts eru tvílit og ber mest á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Kraftur gefi hyrnd afkvæmi.

Kraftur verður tekinn til framhaldsnotkunar.

### Spennir 12027 frá Bjóluhjáleigu í Rangárþingi ytra.

F: Aðall 02039, m: Smella 193, mf: Fontur 98027

Dætur Spennis eru meðalkúr hvað mjólkurafköst varðar en fituhlutfall í mjólk er frekar lágt meðan að próteinhlutfall er hátt. Þetta eru meðalstórar, nokkuð háfættar kúr með boldýpt og útlögur í

meðallagi og aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru breiðar, beinar og flatar. Fótstaðan er góð, sterkleg og gleið. Júgurgerð er meðalgóð, meðalmikil festa, júgurband allvel áberandi en júgurdípt fullmikil. Spenar eru eilítið grófir og heldur gleitt settir. Mjaltir eru afleitar og sein- og mismjaltir nokkuð áberandi. Skapið er slæmt og röðun kúnna í gæðaröð ber keim af slökum mjöltum og slæmu skapi. Meirihluti afkvæma Spennis er einlitur og þar ber mest á bröndóttum litum en allir litir koma fyrir. Af tvílitum er huppóttur mest áberandi. Undan Spenni geta komið hyrndir gripir.

Spennir verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Bjór 12028 frá Helgavatni í Þverárhlið.

F: Ári 04043, m: Kolskör 550, mf: Logi 06019

Dætur Bjórs eru í meðallagi mjólkurlagnar en efnahlutföll í mjólk eru vel umfram meðallag. Þetta eru nokkuð stórar og háfættar kýr, boldjúpar með meðalútlögur og beina yfirlínu. Malirnar eru breiðar, beinar og aðeins þaklaga. Fótstaðan er mjög sterkleg og gleið. Júgurgerðin er í meðalgóð, meðalfesta, ágætlega áberandi júgurband og júgurdípt í meðallagi. Spenarnir eru hæfilega stuttir, þykkir og mjög vel settir. Mjaltir eru góðar og lítið um mjaltagalla. Skapið er meðalgott og þessar kýr raðast um meðallag í gæðaröð. Nálægt þrjú fjórðu hlutar afkvæma Bjórs eru tvílitir og ber þar mest á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Undan Bjór geta komið hyrndir gripir.

Bjór verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Neró 12029 frá Vatnsenda í Eyjafirði.

F: Stássi 04024, m: Drottning 355, mf: Skandall 03034

Afurðageta dætra Nerós liggur nærri meðallagi hvað magn snertir. Fituhlutfall í mjólk er um meðallag en próteinhlutfall hátt. Þetta eru fremur smáar kýr en háfættar, bolgrunnar og útlögulitlar með aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru fremur breiðar, beinar og flatar. Fótstaðan er bein, sterkleg og gleið. Júgurgerðin er afbragðsgóð, mikil festa, áberandi júgurband og júgrin ákaflega vel borin. Spenar eru aðeins langir, grannir og nokkuð gleitt settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi en ekki ber mikið á mjaltagöllum. Skapið er slæmt og röðun í gæðaröð nokkuð undir meðaltali. Nálægt tveim þriðju hlutum afkvæma Nerós bera tvílit þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Undan Neró geta komið hyrnd afkvæmi.

Neró verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Ninni 12040 frá Svertingsstöðum 2 í Eyjafirði.

F: Máni 03025, m: Jónína 356, mf: Laski 00010

Dætur Ninna geta vart talist afurðakýr, mjólkurmagn er undir meðallagi og efnahlutföll í mjólk liggja nærri meðaltali. Þetta eru frekar smáar og lágfættar kýr, boldjúpar með miklar útlögur og nokkuð beina yfirlínu. Malir eru mjög breiðar, beinar og flatar. Fótstaðan er mjög sterkleg og gleið. Júgurgerðin er meðalgóð, góð festa, júgurband þokkalegt en júgurdípt fullmikil. Spenar eru fremur stuttir og grannir og vel settir. Mjaltir eru afleitar og töluvert um seinar mjaltir. Skapið er í tæpu meðallagi og þessar kýr koma illa út í gæðaröð. Mikill meirihluti afkvæma Ninna er tvílitur og koma huppóttur og skjöldóttur oftast fyrir. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Undan Ninna geta komið hyrndir gripir.

Ninni verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Appolló 12042 frá Keldudal í Hegranesi.

F: Ófeigur 02016, m: Baugalín 529, mf: Baugur 05026

Dætur Appollós eru meðalkýr hvað afurðagetu snertir þar sem magn og hlutföll verðefna í mjólk liggja nærri meðaltali. Þetta eru fremur stórar og háfættar kýr, boldýpt í meðallagi en útlögur litlar og yfirlína sterk. Malirnar eru grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er bein en örlítið þröng. Júgurgerðin er slök þar sem vantar á festu, júgurband auk þess sem júgurdýpt er of mikil. Spenarnir eru langir, grannir og gleitt settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi og lítið er um galla í mjöltum. Þá er skap þessara kúa gott. Um helmingur afkvæma Appollós er einlitur þar sem rauður litur eru algengastur en allir grunnlitir koma fyrir. Af tvílitum er huppóttur mest áberandi. Ekki er þekkt að Appolló gefi hyrnda gripir.

Appolló verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Hýsill 12044 frá Þverlæk í Holtum.

F: Máni 03025, m: Vitneskja 697, mf: Laski 00010

Dætur Hýsils eru í tæpu meðallagi mjólkurlagnar kýr en hlutfall fitu í mjólk er hátt og hlutfall próteins í góðu meðallagi. Þetta eru meðalstórar, meðalháfættar kýr, fremur bolgrunnar en útlögugóðar með sterka yfirlínu. Malirnar eru fremur breiðar, beinar og flatar. Fótstaða er góð, bein, sterkleg og nokkuð gleið. Júgurgerðin er góð, mikil júgurfasta, júgurband þokkalegt og þau eru vel borin. Spenar eru vel gerðir, aðeins stuttir en hæfilega þykkir og vel settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi en lítið er um galla í mjöltum. Skapið er í meðallagi hjá þessum kúm en þær skora ekki hátt í gæðaröð. Um helmingur afkvæma Hýsils er tvílitur þar sem mest er um huppóttan. Af grunnlitum eru kolóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Hýsill gefi hyrnd afkvæmi.

Hýsill verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Milli 12051 frá Vorsabæ í Flóa.

F: Tópas 03027, m: Sella 212, mf: Moli 05015

Dætur Milla eru mjög mjólkurlagnar kýr með fituhlutfall í mjólk um eða yfir meðallagi en próteinhlutfall er lágt. Þetta eru fremur stórar og meðalháfættar kýr, ákaflega boldjúpar með góðar útlögur en veika yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er nokkuð þröng. Júgurgerðin er undir meðallagi og skortir á júgurfestu, júgurband er meðalsterkt og júgurdýpt er fullmikil. Spenar eru vel gerðir, fremur stuttir, aðeins þykkir en vel settir. Mjaltir eru meðalgóðar og gallar í mjöltum fátíðir. Skap þessara kúa er um meðallag og þær koma ágætlega út í gæðaröð. Mikill meirihluti afkvæma Milla er einlitur og ber þar mest á rauðum litum þó allir litir komi fyrir. Af tvílitum er huppóttur algengastur. Ekki er þekkt að Milli gefi hyrnd afkvæmi.

Milli verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Loki 12071 frá Bakka á Kjalarnesi.

F: Birtingur 05043, m: Huppa 356, mf: Pröstur 00037

Dætur Loka eru mjólkurlagnar kýr og efnahlutföll eru um eða yfir meðallagi. Þetta eru meðalstórar og í góðu meðallagi háfættar kýr, hvorki boldjúpar né útlögumiklar en yfirlína er nokkuð bein. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og fremur flatar. Fótstaða er góð, bein og sterkleg en aðeins þröng. Júgurgerðin er úrvalsgóð, mjög mikil festa, júgurband nokkuð áberandi og júgrin ákaflega vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilegir að lengd og þykkt, og mjög vel settir. Mjaltir þessara kúa eru mjög góðar og gallar í mjöltum fátíðir. Skapið er í tæpu meðallagi. Um þriðji hluti afkvæma Loka er einlitur og ber mest á rauðum og kolóttum litum þó allir grunnlitir nema gráir komi fyrir. Af tvílitum er huppóttur algengastur. Ekki er þekkt að Loki gefi hyrnd afkvæmi.

Loki verður tekinn til framhaldsnotkunar.

### Gandálfur 12081 frá Keldudal í Hegrnesi.

F: Koli 06003, m: Hófý 400, mf: Stígur 97010

Dætur Gandálfs eru meðalkýr hvað mjólkurmagn snertir en hlutfall verðefna í mjólk er hátt. Þetta eru meðalstórar kýr, nokkuð háfættar, í meðallagi boldjúpar, útlögur meðalgóðar og yfirlína nokkuð bein. Malirnar eru meðalbreiðar, nokkuð beinar og flatar. Fótstaðan er sterkleg. Júgurgerðin er afleit, júgurfasta lítil, júgurband ógreinilegt og júgurdýpt mun meiri en góðu hófi gegnir. Spenar eru fremur nettir og eilítið gleitt settir. Mjaltir eru undir meðallagi og aðeins ber á sein- og mismjöltum. Skapið er slæmt og þessar kýr raðast undir meðallagi í gæðaröðun. Nálægt einum þriðja afkvæma Gandálfs er tvílitur og þar ber mest á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum er svartur langalgengastur þó allir litir komi fyrir. Undan Gandálfi geta komið hyrndir gripir.

Gandálfur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Eldar 12089 frá Birtingaholti 4 í Hrunamannahreppi.

F: Stássi 04024, m: Svunta 567, mf: Laski 00010

Dætur Eldars eru ekki mjólkurlagnar kýr en hlutfall verðefna í mjólk er vel yfir meðallagi. Þetta eru fremur smáar og nokkuð háfættar kýr en bolgrunnar og útlögulitlar með veika yfirlínu. Malir eru grannar, beinar og flatar. Fótstaðan er góð en eilítið þröng. Þessar kýr státa af mjög góðri júgurgerð með mjög mikilli festu, nokkuð greinilegu júgarbandi og ákaflega vel bornum júgrum. Spenar eru nettir og vel settir. Mjaltir eru góðar og gallar í mjöltum fátíðir. Skapið er meðalgott og röðun í gæðaröð ber keim af því. Tæplega helmingur afkvæmanna ber tvílit og eru huppóttur og skjöldóttur algengastir lita. Af grunnlitum eru kolóttir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Undan Eldari geta komið hyrndir gripir.

Eldar verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Sjarmi 12090 frá Hrepphólum í Hrunamannahreppi.

F: Koli 06003, m: Baula 474, mf: Laski 00010

Dætur Sjarma eru mjög mjólkurlagnar kýr en fituhlutfall í mjólk er undir meðallagi og próteinhlutfall um meðaltal. Þetta eru fremur stórar og í góðu meðallagi háfættar kýr, boldýpt þeirra er í meðallagi, útlögur miklar en yfirlína aðeins veik. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og nokkuð flatar. Fótstaða er aðeins hokin en gleið. Júgurgerðin er afbragðsgóð, mikil festa, áberandi júgurband og júgrin eru vel borin. Spenar eru vel gerðir, í tæpu meðallagi að lengd og þykkt og mjög vel settir. Mjaltir þessara kúa eru góðar og mjaltagallar fátíðir þó nokkrar fá þá umsögn að vera seinar. Skapið er gott. Mikill



meirihluti afkvæma Sjarma er einlitur þar sem mest ber á rauðum og bröndóttum litum þó allir grunnlitir komi fyrir. Huppóttur er algengastur tvílita. Ekki er þekkt að Sjarmi gefi hyrnd afkvæmi.

Sjarmi verður tekinn til framhaldsnotkunar sem nautsfaðir.

### Prúður 12091 frá Neðri-Torfustöðum í Miðfirði.

F: Birtingur 05043, m: Rót 345, mf: Hjálmur 04016

Dætur Prúðs er í meðallagi mjólkurlagnar kýr og hlutfall verðefna í mjólk liggur um meðaltal. Þetta eru fremur stórar og í góðu meðallagi háfættar kýr, nokkuð boldjúpar með meðalútlögur og sterka yfirlínu. Malirnar eru breiðar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er góð, bein og sterkleg og gleið. Júgurgerðin er úrvalsgóð, mjög mikil festa, sérlega áberandi júgurband og júgrin einstaklega vel borin. Spenar eru vel gerðir, aðeins langir, vel settir en örlítið grannir. Mjaltir og skap þessara kúa eru í meðallagi og lítið um mjaltagalla. Röðun í gæðaröð er nærri meðallagi. Meirihluti afkvæma Prúðs er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum koma rauðir og kolóttir litir langoftast fyrir þó allir litir nema gráir finnast. Undan Prúð geta komið hyrndir gripir.

Prúður verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Dúett 12097 frá Egilsstaðakoti í Flóa.

F: Birtingur 05043, m: Dúlla 593, mf: Dúllari 07024

Dætur Dúetts eru meðalkýr hvað mjólkurafköst snertir en efnahlutföll eru mjög há. Þetta eru nokkuð stórar og háfættar kýr, fremur bolgrunnar, ekki útlögumiklar en yfirlína er nokkuð bein. Malirnar eru fremur grannar, beinar og fremur flatar. Fótstaða er aðeins hokin en sterkleg að öðru leyti. Júgurgerðin er meðalgóð, festa um meðallag en júgurband lítt áberandi og júgrin prýðilega borin. Spenar eru vel gerðir, eilítið langir, hæfilega þykkir og vel settir. Mjaltir þessara kúa eru góðar og gallar í mjóltum fátíðir. Skapið er um meðallag. Nærri lætur að fjórði partur afkvæma Dúetts sé einlitur og algengustu grunnlitir eru rauðir þó allir nema gráir komi fyrir. Af tvílitum ber mest á huppóttum og skjöldóttum. Ekki er þekkt að Dúett gefi hyrnd afkvæmi.

Dúett verður tekinn til framhaldsnotkunar.

### Polki 12099 frá Brúnastöðum í Flóa.

F: Koli 06003, m: Auðlind 593, mf: Spotti 01028

Dætur Polka eru í meðallagi mjólkurlagnar kýr en efnahlutföll eru góð. Þetta eru meðalstórar og fremur háfættar kýr, bolgrunnar og fremur útlögulitlar með aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru grannar, nokkuð beinar en þaklaga. Fótstaða er bein, rétt og gleið. Júgurgerðin er frábærlega góð, gríðarmikil festa, einstaklega áberandi júgurband og júgrin sérlega vel borin. Spenar eru vel gerðir, stuttir og grannir og framúrskarandi vel settir. Mjaltir þessara kúa eru í meðallagi og mjaltagallar fátíðir. Skapið er í tæpu meðallagi. Tæplega helmingur afkvæma Polka er einlitur og ber mest á rauðum og svörtum litum þó allir grunnlitir fyrirfinnast. Af tvílitum eru sokkóttur og huppóttur mest áberandi. Undan Polka geta komið hyrndir gripir.

Polki verður tekinn til framhaldsnotkunar.